



22. febrúar 2018

Inngangsorð seðlabankastjóra á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar um störf peningastefnunefndar

Í dag er nákvæmlega eitt ár frá því að fulltrúar peningastefnunefndar komu síðast á fund efnahags- og viðskiptanefndar.

Ýmislegt hefur breyst síðan þá. Horfur í efnahagsmálum helstu viðskiptalanda hafa batnað og verðbólga og vextir eru þar á uppleið sem auðveldar framkvæmd peningastefnunnar hér á landi. Hagvöxtur hefur minnkað hér á landi og spenna hefur slaknað en er þó enn umtalsverð. Verðbólga er nú við markmið eftir nokkurra ára tímabil þar sem hún hefur verið undir því. Verðbólguvæntingar hafa verið við markmið á flesta mælikvarða. Auknar skammtímasveiflur í gengi krónunnar í framhaldi af stórum skrefum við losun fjármagnshafta snemma á síðasta ári hafa hjáðnað. Þá hafa meginvextir Seðlabankans verið lækkaðir um 0,75 prósentur.

Að baki minni hagvexti býr minni vöxtur útflutnings enda ekki við því að búast að ferðaþjónusta gæti vaxið yfir lengra tímabil á þeim hraða sem raunin var fyrir nokkrum misserum. Þá er ekki reiknað með að viðskiptakjörin batni frekar að heitið getur á næstu misserum. Þetta þýðir að áhrif búhnykkjanna sem gerðu okkur mögulegt að vaxa hratt og halda verðbólgu lítilli á sama tíma eru nú að fjara út. Hækkun gengis krónunnar átti stóran þátt í að laga þjóðarbúið að þessum búhnykkjum en inngrípum á gjaldeyrismarkaði og sérstakri bindingu á fjármagnsinnstreymi var beitt til að koma í veg fyrir ofris gengisins. Nú er hins vegar svo komið að umtalsverð frekari hækkun raungengis yrði áhættusöm.

Vextir eru um þessar mundir lágir hér á landi í sögulegu samhengi, sérstaklega að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Verðtryggðir vextir ríkisbréfa hafa með einni skammlífrri undantekningu aldrei verið lægri og verðtryggðir vextir íbúðalána eru líka í sögulegu lágmarki. Frá því vextir Seðlabankans urðu mikilvægt peningalegt stjórnæki í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hafa þeir aldrei verið lægri ef undan er skilið stutt tímabil snemma á þessum áratug þegar Ísland var á allt öðrum stað í hagsveiflunni en það er nú. Því þarf að horfa á það raunsæjum augum hvort vænta megi frekari lækkunar vaxta ef ekki myndast beinlínis slaki í þjóðarbúinu. Vextir Seðlabankans á komandi mánuðum og misserum

ráðast af framvindunni í efnahagsmálum. Í því efni getur brugðið til beggja vona.

Peningastefnan hefur skilað miklum árangri á undanförunum misserum og staða efnahagsmála er á heildið litið nokkuð góð. Þá fela fyrir-
liggjandi spár í sér áframhaldandi hagvöxt og „mjúka lendingu“
þjóðarbúsins. En þessar horfur eru óvissar og ýmis áhætta gæti
raungerst. Þá er það mikilvægt að töluvert svigrúm fylgir vaxtastiginu
og stórum gjaldeyrisforða til að bregðast við óhagstæðri þróun. Það
svigrúm verður því meira sem langtímaverðbólguvæntingar haldast
betur við markmið. Eitt helsta verkefni peningastefnunnar er auðvitað
að stuðla að því að svo geti verið. Ef aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á
kostnaðarstig og eftirspurn í þjóðarbúskapnum toga hins vegar í aðra átt
gæti slíkt reiptog leitt til frekari hækkunar raungengisins og haft
neikvæð áhrif á atvinnustig.